

Fundargerð fjórða ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn miðvikudaginn 27. apríl 2016 kl. 16:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og ritara

Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Björk Guðjónsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði skipuð ritari. Samþykkti fundurinn það einróma. Björk tók því næst við sem fundarstjóri og kynnti dagskrá fundarins.

2. Skýrsla stjórnar

Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2015. Meðal annars var fjallað um markmið setursins og helstu verkefni síðasta árs. Þá fjallaði hann um mikilvægi þess að ríkisframlög til Þekkingarsetursins séu í samræmi við þau framlög sem önnur setur í nágrenninu eru að fá skv. fjárlögum og að stjórn beiti sér fyrir þessu. Skýrsla stjórnar er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins: <http://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skiol/>

3. Ársreikningur síðasta árs

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2015 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Tap varð af rekstri setursins á síðasta ári sem orsakaðist af nokkrum þáttum, meðal annars launahækkunum, auknum rafmagns- og hitaveitukostnaði, færri styrkjum og lægri leigutekjum en gert hafði verið ráð fyrir. Í ár er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Fjármunir setursins eru engu að síður mjög takmarkaðir og má lítið út af bregða miðað við núverandi framlög, enda innkoma setursins háð utanaðkomandi þáttum eins og ríkisframlögum til rannsókna og styrkveitingum ýmiskonar. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins.



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

4. Starfsáætlun ársins 2016

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2016. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

5. Kynning á meistaraverkefni í líffræði

Hermann Dreki Guls, líffræðingur og meistaranemi hjá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum, sagði frá meistaraverkefni sínu á sviði eiturefnavistfræði, en þar mun hann kanna viðbrögð grjótkrabba, bogkrabba og trjónukrabba við mengun þrávirkra, lífrænna, mengandi efna.

6. Önnur mál

Engin önnur mál. Fundi var slitið kl. 17:30.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

Sverrir Guðmundsson - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN